

Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Félags og menningarmálanefnd 8. fundur

Haldinn 18. júní 2012 kl 17:00.

Mættir: Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir, Einar Jónsson (varamaður Kristjáns), Erna Þórarinsdóttir (varam. Bergþóru) og Jóhanna Njálisdóttir (varamaður Jóns Elvars)

Erna boðin velkomin á fyrsta fund með nefndinni. Þar sem Jón Elvar er fluttur úr sveitinni mun Jóhanna taka sæti hans.

1. Stefna í styrktarmálum.

Samþykkt að senda drög að vinnureglum um úthlutun styrkja til menningar- og æskulýðsmála til sveitarstjórnar. Nefndin mun vinna drögin í tölvupósti.

2. Félagsstarf eldri Mývetninga.

Nú er samningur milli Skútustaðahrepps og Félags eldri Mývetninga laus. Félags og menningarmálanefnd telur afar mikilvægt að á haustdögum komist félagsstarf með eldri Mývetningum í fastar skorður.

Nefndin beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að útvegað verði fast húsnæði fyrir vikulegar samverustundir á vegum sveitarfélagsins. Nefndarmenn vilja einnig minna á viðhorfskönnun á óskum íbúa Skútustaðahrepps 60 ára og eldri sem gerð var 2010, æskilegt er að hafa niðurstöðurnar til hliðsjónar við mótun starfsins. Einnig hvetur nefndin til þess að óskað verði eftir samstarfi við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, þannig að starfsmenn heimahjúkrunar komi að félagsstarfinu með einhverjum hætti.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Anna Dóra Snæbjörnsdóttir
Dagbjört Bjarnadóttir
Einar Jónsson
Erna Þórarinsdóttir
Jóhanna Njálisdóttir